

á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður tilgreina þau iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði og aðila skv. 3. mgr. 8. gr. sem hann hefur greitt til.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „banka, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: banka eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og.
- b. Við 3. mgr. bætist: enda hafi slíkt val ekki farið fram fyrir gildistöku laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað 1. og 2. mgr. koma átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem eru ekki hærri en 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri

Þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Til tekna sem notaðar eru til viðmiðunar í ákvæði þessu teljast ekki bætur almanna-trygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

b. Í stað orðanna „uppbot á lífeyri“ í 4. mgr. kemur: tekjutryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um breytingar á lögum um mannanöfn og hjúskaparlögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45 17. maí 1996.

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 1. og 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: 18 ára.

3. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 16. gr. laganna kemur: 18 ára.

II. KAFLI

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

4. gr.

Við 2. másl. 7. gr. laganna bætist: enda liggi fyrir afstaða forsjárforeldra til hjúskaparstofnunarinnar.